Eg játa, að það eina sem mèr hefir brugðizt er það, að Arnljótur skyldi ástæðulaust snúast móti mèr, jafnvel einsog sínum mesta fjandmanni, þar sem eg hefi þó aldrei stigið fæti nema honum til góðs. En guði sè lof, hvort sem hann heldur áfram því sama eða ekki, og hvort sem honum tekst nokkuð að spilla eða ekki, þá get eg rólegur látið hann sigla sinn sjó. Mèr vill það til, að eg hefi aldrei sótt eptir neinu alþýðu lofi, og því er eg ekkert ginkeyptur fyrir því; það hefir fremur hitzt svo á, að eg hefi verið á sama máli og fleiri aðrir, og hefi tal- að fyrir málinu á þann hátt, að þeir hafa ekki þókzt geta það betur, en þegar eg eða hver annar Íslendíngur er á öðru máli en þeir, þá verða þeir móti manni, og kannske þó enda ekki síður öðrum en mèr. Þessu mega allir búast við, og það er mèr alls ekki óvænt, en eg þykist í raunínni halda virðíngu minni enda hjá löndum mínum eins eptir sem áður, og víst er það, að ekkert misjafnt orð sagði neinn við mig, nema það sem þèr sjáið í alþíngistíðindunum og þjóðólfi, og er þó í Tíðindunum þiprað meira hjá þeim en í ræðum þeirra munnlega, og er það til að sýna, að þeir hafa viljað sýna sig. Helzt voru það samt Arnljótur og Sveinn.

En látum oss sleppa þessu, því eg vona samt að menn geti haldið saman í hinum eiginlegu politisku málum, og eg er ekki hefnigjarn ef eg fæ mitt fram, sem eg er vongóður um að verði fyr eða síðar.

Hvað viðvíkur sögunum, þá gleður það mig að heyra að það gengur vel. Guðbr. hefir sagt mèr um þær. Um sögur Jóns Árnasonar dettur mèr í hug, að maður gæti reynt að stínga uppá við bókmentafèlagið að taka svo mörg Expl. sem það þyrfti til að senda fèlagsmönnum, og borga eptir sam-